

## **Leiðbeiningar vegna útfyllingar umsóknar Leonardo mannaskiptaverkefna 2010 - til notkunar og stuðnings með „leiðbeinandi umsóknareyðublaði“**

Fyrir umsóknir ársins 2010 eru notuð svokölluð e-form. Formin eru á [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is) í kafla um mannaskipti. Fyrst er formið sótt og nauðsynlegt er að vista það á heimasvæði áður en byrjað er að vinna í umsókninni. Þegar búið er að fullgera umsóknina og hún tilbúin skal senda formið (submit), prenta það út, undirrita og senda til Landskrifstofu. Athugið að lesa vel leiðbeiningar varðandi e-form sem eru á vefnum í kaflanum „Umsóknir og eyðublöð“.

Nauðsynlegt er að senda umsóknina í síðasta lagi á síðasta degi umsóknarfrests, þ.e. 5. Febrúar 2010. Athugið að pósthimpill þess dags gildir. Þær umsóknir sem sendar eru seinna eru ógildar.

Sendu skal umsóknir um Leonardo mannaskiptaverkefni til:  
**Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB, Leonardo áætlunin**  
**Dunhagi 5, 107 Reykjavík**

**Nokkur praktísk atriði vegna e-forma** Við höfum útbúið „leiðbeinandi umsóknareyðublað“ þar sem skrifaður hefur verið inn leiðbeinandi textar í hvern kassa. Það getur verið gott að renna yfir þetta, sérstaklega ef einhver atriði eru óljós. Passið þó alltaf að lesa spurninguna vel og reyna að svara þeim atriðum eins og við á og spurt er um í hvert sinn.

Árið 2010 má í fyrsta sinn skila umsóknum um Leonardo mannaskiptaverkefni á íslensku. Formið er þó á ensku þannig að gott er að skrifa textana í word fyrst og afrita þá síðan inn í formið. Passið alltaf upp á það að textinn fari ekki yfir hámarks lengd þess svæðis sem er til umráða í hvert sinn. Hámarks fjöldi slaga í hvern kassa kemur upp sem upplýsingaluggi þegar unnið er í skjalinu.

### **Kafli B. SUBMISSION:**

B.1 Context:

Action – Hér þarf að velja í fellilistanum þann flokk mannaskiptaverkefna sem sækja á um. Ekki er hægt að skrifa umsókn fyrir meira en einn markhóp í einu:

**IVT** – Initial Vocational Training - nemendur í starfsmenntaskólum, í starfsnámi og á samningi

**PLM** – People on the Labour Market - fólk á atvinnumarkaði

**VETPRO** – VET Professionals - leiðbeinendur, kennarar, fræðslustjórar, starfsmannastjórar og aðrir starfsmenn í fyrirtækum og stofnunum

Application language – Ef umsóknin er skrifuð á íslensku verður að velja það í fellilistanum, IS – Icelandic. Þetta er mjög mikilvægt og athugið að IS kemur ekki upp á réttum stað í stafrófinu heldur er það neðarlega á listanum. Sé umsóknin skrifuð á ensku er enska valin í fellilistanum.

Project duration - hér er átt við heildartíma verkefnisins en ekki einstakrar dvalar. Hámarks lengd verkefna eru 24 mánuðir og geta þau verkefni sem sáþykkt eru árið 2010 byrjað 1. júní 2010 og gildistíminn getur verið til 31. maí 2012

### **Kafli C. ACTORS IDENTIFICATION:**

Í þessum kafla eru skráðar upplýsingar um þátttakendur í verkefninu, þ.e. þær stofnanir sem taka þátt. Formið skýrir sig sjálft en við viljum benda á tvennt:

Í upplýsingum um Partner organisation – C.2. er spurt um Role. Þar er hægt að velja um eftirfarandi: Intermediary Partner – er móttökuaðili sem í raun sé bara um að skipuleggja heimsókn og/eða dvöl viðkomandi.

Host Partner er móttökuaðili sem er raunverulega að taka á móti viðkomandi og sér um heimsóknina /dvölinna.

Sending Partner er aðili sem sendir þátttakendur.

Í lok C.2. er hnappur til að bæta við samstarfsaðilum – add partner.

### **Kafli D. PROJECT DESCRIPTION:**

Í kafla D er um að ræða lýsingu verkefnisins, yfirlit, hverjir taka þátt, markmið og mat. Lögð er áhersla á skýr og markviss svör við þeim spurningum sem um ræðir.

### **Kafli E. PROJECT MAIN FOCUSES:**

E.1. Hér ber að merkja við þau skilgreindu markmið Leonardo áætlunarinnar sem verkefnið fellur best að. Það má merkja við meira en eitt atriði. Rösktuðningur þarf að vera í kassa fyrir neðan.

national priorities /séríslensk forgangatriði/forgangshópar – **gefa aukapunkta í mati.**

Á árinu 2010 eru eftirfarandi hópar skilgreindir sem forgangshópar og þeir sem eru að skrifa verkefni sem snúa að þessum markhópum þurfa hér að koma því á framfæri.

- nemendur og starfsfólk starfsmenntaskóla og símenntunarstofnana
- fólk sem stendur höllum fæti, s.s. ungt atvinnulaust fólk, fatlaðir einstaklingar og minnihlutahópar

### **Kaflar F- PROJECT IMPLEMENTATION OG G-PARTICIPANTS AND ACTIVITIES:**

Í þessum köflum ber að skýra framkvæmd verkefnisins og er meginregaln áfram sú að leggja áherslu á skýr og markviss svör við þeim spurningum sem um ræðir. Ágætt er að fara yfir „leiðbeinandi umsóknareyðublað“ skjalið þar sem skrifaðar hafa verið leiðbeiningar inn í hvern kassa, ef eitthvað er óljóst.

## **Kafli H – ESTIMATED DETAILS ON THE FLOWS AND REQUESTED EU-FUNDING**

Í fjárhagshlutanum eru fimm töflur:

### **H.1.1. Outgoing participants (without special needs)**

Í þessa töflu er valið það land sem fara á til og skráður áætlaður fjöldi þeirra einstaklinga sem þangað muni fara. Í dálkinn fyrir dvalarlengd þarf að skrifa **dagafjölda** dvalarinnar og athugið að það er mikilvægt að vanda sig við það og passa að fjöldi daga passi við vikur/mánuði. 3 mánuðir eru t.d. 7 dagar x 12 vikur, þ.e. 84 dagar.

Í þessari töflu er hægt að láta formið reikna fyrir sig og það þarf að smella á Calculate.

### **H.1.2. Outgoing participants with special needs**

Ef sótt er um verkefni fyrir fólk sem þarf að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir á ferðalögum vegna fötlunar, sem hefur í för með sér aukakostnað er hér hægt að sækja um aukastyrk vegna ferðalaga. Kostnaðinn þarf að áætla og setja ferðakostnað í reitinn sem merktur er Travel. Upphaldskostnað þarf umsækjandi hér líka að fylla inn og ef hann er hærri en miðað er við í töflunni fyrir upphald þarf að færa rök fyrir þeim aukakostnaði sem um ræðir.

### **H.1.3. Accompanying persons**

Í þessari töflu er sótt um fylgdarmenn sem geta annarsvegar verið t.d. kennarar sem fara með nemendahóp eða fylgdarmenn fatlaðra einstaklinga. Það er mikilvægt að vera búin í textum að útskýra þörfina fyrir fylgdarmenn. Hér þarf aðeins að fylla inn „Subsistence“ og er um að ræða sömu upphæðir og fyrir aðra þátttakendur. Sjá töflu styrkuppþæða fyrir upphald og ferðir hér fyrir neðan.

**Athugið að nánari upplýsingar er að finna á [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is) í kafla um mannaskipti. Einnig veitir starfsfólk Leonardo áætlunarinnar aðstoð og leiðbeiningar.**

**Margrét Jóhannsdóttir – [marjoh@hi.is](mailto:marjoh@hi.is)**

**Ásta Vigdís Jónsdóttir – [astavig@hi.is](mailto:astavig@hi.is)**

## Styrkuppghæðir umsókna ársins 2010.

### Hámarksstyrkur fyrir upphald og ferðir (Subsistence)

Í verkefnum ársins 2009 er styrkur vegna upphalds og ferða ekki sundurliðaður heldur er um eina upphæð að ræða. Gefnar eru út styrkuppghæðir fyrir eina viku, tvær vikur og síðan per viku eftir það. Athugið að lágmarksdvalarlengd fyrir nemendur í starfsnámi- IVT og fólk á vinnumarkaði- PLM eru 2 vikur. Lágmarksdvalarlengd leiðbeinenda og stjórnenda- VETPRO er 1 vika.

Athugið að í umsóknareyðublaðinu eru dálkar fyrir sundurliðaðan kostnað fyrir upphald og ferðir en í íslenskum umsóknum skal aðeins fylla inn í dálkinn fyrir upphald – Subsistence. Ekkert er fyllt inn í dálinn fyrir ferðir – travel og hann látinn standa auður.

Styrkuppghæðir eru misháar eftir löndum. Í töflunni hér fyrir neðan er um að ræða hámarksuppghæðir sem gilda fyrir það land sem heimsótt er: Athugið að 2 vikur er lágmarksdvöl fyrir verkefnaflokkana **IVT** - Nemendur í starfsmenntaskólum, starfsnámi og á samningi og **PLM** - fólk á vinnumarkaði. Einnar viku dvöl er því aðeins möguleg fyrir stjórnendur og leiðbeinendur í **VETPRO** verkefnaflokknum.

Land	Hámarksstyrkur - 1 vika. Athugið að gildir aðeins fyrir VETPRO umsóknir.	Hámarksstyrkur – 2 vikur.	Viðbótarstyrkur á viku eftir aðra viku.
AT - Austurríki	1330	1862	213
BE - Belgía	1190	1666	190
BG - Bulgaría	840	1176	134
CY - Kýpur	1050	1470	168
CZ - Tékkland	1190	1666	190
DE - Þýskaland	1190	1666	190
DK - Danmörk	1400	1960	224
EE - Eistland	1050	1470	168
ES - Spánn	1260	1764	202
FI - Finnland	1400	1960	224
FR - Frakkland	1400	1960	224
GB - Bretland	1400	1960	224
GR - Grikkland	1190	1666	190
HU - Ungverjaland	1120	1568	179
IE - Írland	1400	1960	224
IT - Ítalía	1330	1862	213
LI - Liechtenstein	1400	1960	224
LT - Litháen	910	1274	130
LU - Luxemburg	1190	1666	190
LV - Lettland	1050	1470	168
MT - Malta	1050	1470	168
NL - Holland	1330	1862	213
NO - Noregur	1400	1960	224
PL - Pólland	1220	1568	179
PT - Portugal	1220	1568	179
RO - Rúmenía	910	1274	146
SE - Svíþjóð	1400	1960	224
SI - Slóvenía	1120	1568	179
SK - Skóvakía	1050	1470	168
TR - Tyrkland	980	1372	157